

Gamli sáttmáli og innganga í Evrópusambandið

Stendur þjóðin í sömu sporum og fyrir 740 árum?

Ýmsu nútímafólki kann að virðast sem Íslendingar hafi verið auðsveipir árið 1262 þegar þeir gáfu eftir sjálfstæði landsins með eiðstaf á Alþingi, án þess að Noregskonungur reyndi að ræna völdum með vopnum. Reyndar er vafasamt – ef ekki ómögulegt – að Norðmenn hefðu haldið landinu með hervaldi á miðöldum. Fólksfjöldi Noregs var þá aðeins fjórfalt meiri en Íslands, norska ríkið það fátækt og siglingar svo örðugar að konungur hefði líklega ekki treyst sér til að hernema landið. Staðreyndin er sú að Íslendingar gáfu eftir fullveldi landsins, sjálfviljugir eftir gaumgæfilega umhugsun. Svo liðug eftirgjöf þótti aftur á móti hálf skammarleg síðar þegar landsmenn sóttust eftir því að fá fullveldið til baka. Þess vegna var gripið til þess ráðs að flytja sökina á einstaka höfðingja Sturlungaaldar, einkum Gissur Þorvaldsson sem var dæmdur ótíndur landráðamaður í skólastofum landsins. Því eftir þjóðernisvakningu nítjándu aldar var sæmdarheitið jarl, sem Gissur bar einn Íslendinga, órækur vitnisburður um ættjarðarsvik meira en sex öldum áður.

Þá Íslendinga sem sóru konungi hollustueið sumarið 1262 hefur þó örugglega ekki órað fyrir því að þessi gjörningur yrði álitinn sorgarviðburður – hvað þá landráð – nokkrum öldum síðar. Ísland var ekki að sameinast Noregi heldur samþykkja aðild að norska konungdæminu með því augnmiði að opna aðgang að Evrópu. Það sem mælti á móti voru vitanlega aðildargjöldin – konungsskattar – sem mönnum var sárt að greiða. Hvað sem um Gissur jarl má annars segja virtist hann enginn sérstakur áhugamaður um konungssamband. Hann reyndi hvað eftir annað að smeygja sér undan vilja konungs og þegar eiðurinn fór loks fram var svo komið að flestir aðrir höfðingjar landsins vildu fá þann heiður – óðir og uppvægir – að færa landið undir konung og koma Gissuri fyrir kattarnef.

Raunar var konungseiðurinn í samræmi við aðrar ákvarðanir í utanríkismálum á fyrri tíð, sem þó hafa hlotið betri eftirmæli. Landsmenn ákváðu að lögfesta kristni sem ríkistrú árið 1000 án verulegra átaka eftir að Noregur snerist til kristni. (Heiðni var áfram viðurkennd sem einkatrú.) Þetta var gert án þess að sérstakur trúarhiti væri til

staðar, enda vildu Norðlendingar ekki skírast í köldu Þingvallavatni heldur biðu þar til þeir áttu leið hjá heitum laugum á heimleiðinni. Skynsömustu menn þjóðarinnar – heiðnir sem kristnir – óttuðust að landið yrði eina heiðna ríkið í Vestur-Evrópu. Íslendingar hafa aldrei lagt mikið upp úr formsatriðum, en ávallt verið vakandi fyrir hagsmunum sínum. Það var því ekki erfitt val að taka Hvíta-Krist framfyrir Óðin og forðast þannig útskúfun annarra Evrópuþjóða.

Það er athyglisvert að nú í upphafi þessarar aldar skuli örlög Noregs og Íslands aftur vera samtvinnuð í Evrópumálum svo sem var til forna, því hvorugt landið vill sitja eftir ef hitt gengur í ESB. Þetta er þó ekki hið eina. Hér verða færð rök fyrir því að þær spurningar sem Íslendingar þurfa nú að kljást við í Evrópumálum séu að stofni til þær sömu og þegar þjóðveldið leið undir lok. Þar veldur að nokkru landfræðileg lega. Landsmenn eru enn fámenn, sérsinna þjóð í útjaðri Evrópu eins og á tímum Sturlunga. Svo vill einnig til að þeir valkostir sem nú eru lagðir fyrir þjóðina eru undarlega líkir því sem gerðist þegar landsmönnum bauðst aðild að norska konungdæminu á sínum tíma. Íslendingar verða nú að samþykkja skattgreiðslur í stað markaðsaðgangs og fullveldisframsal í stað viðurkenningar og réttinda í Evrópu. Þeir eru í raun beðnir um að tvinna saman stjórnsmál og utanríkisviðskipti líkt og tíðkast í nýrri sameinaðri Evrópu. Eins og við endalok þjóðveldisins snýst spurningin nú um það hvort stíga þurfi ný pólitísk skref til þess að halda sér í hópi fullgildra Evrópuþjóða.

Ólafur helgi og EES-samningurinn

Víkingaferðirnar voru að mestu einkaframtak manna í Norðurvegi, sem sköpuðu nýtt hagsvæði á Norður-Atlantshafi með landnámi og hervinningum. Þar ríkti fríverslun í þeim skilningi að norrænt ríkisvald var veikt og afskipti af verslun lítil. Íslendingar voru vitaskuld tengdir Noregi frá upphafi landnáms og þeim var því nauðsyn að hafa greiða leið að norsku efnahagssvæði. Það var gert með samningi við Ólaf konung helga árið 1033 sem kvað á um fjálsar siglingar á milli landanna, aðgang að viði og vatni í skógum Noregs og lagaleg réttindi Íslendinga á norsku landi. Þar í mót samþykktu Íslendingar að greiða landaura, fast gjald á hvern fullorðinn einstakling sem steig fæti á norska jörð. Þá fylgdi sú skylda að taka þátt í herferðum konungs þegar þeir dvöldust í Noregi. Ólafssamningur skapaði formlega ramma um íslensk-norskt efnahagssvæði með fjórfrelsi, þ.e. fjálsum flutningi fólks, vöru, fjármagns og þjónustu, sem er fyllilega sambærilegt við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði

frá árinu 1993. Í báðum tilvikum er stórt efnahagssvæði að selja minna ríki aðgang að dyrum sínum og tryggingu gegn lagalegri mismunun; Norðmenn með landaurnum en ESB með tollum og greiðslum í þróunarsjóði.

Snorri Sturluson skýrir svo frá í Ólafs sögu helga að konungur hafi gert út mann að leita þess að Íslendingar gerðust þegar hans og skyldi hann biðja þess til vara að Íslendingar gæfu honum Grímsey í vináttuskyni. Væntanlega hafa þessi mál tengst ofangreindum fríverslunarsamningi, en erindislokin voru þau að konungur fékk hvorki Grímsey né hlýðni landsmanna. Minnir þetta dálítið á beiðni ESB um veiðiheildir við Ísland þegar EES-samningurinn var í burðarliðnum. Snorri tilfærir svör Íslendinga með ræðu Einars Þveræings á Alþingi um þetta mál. Í ræðunni bendir Einar landsmönnum á að skattar séu mun hærri í Noregi en hÉrlendis og að kóngar séu misjafnir og sumir geti verið til hinna mestu vandræða. Loks segir: „En ef landsmenn vilja halda frelsi sínu, því er hafa haft, síðan er land þetta byggðist, þá mun sá til vera að ljá konungi einskis fangstaðar á, hvorki um landaeign hér né um það að gjalda héðan ákveðnar skuldir, þær er til lýðskyldu mega metast.“ Ræða Einars er vitanlega samin af Snorra sjálfum og hefur líklega verið innlegg hans í pólitíska umræðu á Sturlungaöld. Boðskapurinn er sérstæður fyrir það að höfundur hennar var í miklu dálæti í Noregi. Ekki er örgrannt um að hann hafi lofað konungi að koma landinu undir hann á sínum tíma, en ekki efnt. Ef til vill sýnir þetta þá klemmu sem landsmenn voru komnir í á þessum tíma, að verða að velja á milli þjóðfrelsis og alþjóðahagsmuna.

Viðskipti og verslunarvald

Eftir 1100 fóru Noregskonungar að hafa afskipti af utanríkisverslun til að afla tekna og styrkja norska kaupmannastétt. Í Noregi voru stærstu skógarnir og flest fólkið, og öðlaðist því hlutfallsyfirburði í svo sérhæfðri grein sem kaupmennsku og siglingum. Þegar kom fram á þrettánda öld voru Björgvinjarmenn nær einráðir á Norður-Atlantshafi. Þessi staða lék í höndum konungs, sem gat nýtt yfirburði Björgvinjar til þess að efla áhrif sín meðal eyríkjanna á Atlantshafi. Og eitt af öðru féllu þau honum í hendur: Færeyjar (1180), Orkneyjar (1195), Grænland (1261) og loks Ísland (1262). Þegar fram liðu stundir þróaðist Björgvinjarverslunin yfir í hreinræktaða einokun, allt þar til ensk skip hófu að sigla hingað 1412 en það er önnur saga.

Landsmenn þurftu ekki aðeins að stunda vöruviðskipti við útlönd, þeir þurftu einnig að komast á milli landa, kynnst nýjustu hugmyndum, tískustraumum, spyrja tíðinda og svo framvegis. Andlegar þarfir þjóðarinnar ekki síður en efnislegar gerðu kröfu um greið samskipti við útlönd. Og þetta var vitaskuld það steinbítstak sem konungur hafði á landsmönnum. Siglingar til landsins virðast hafa verið áhyggjuefni meðal landsmanna á Sturlungaöld, en ekki er gott að greina hvort landsmenn hafa óttast að konungur misbeitti því verslunarvaldi sem Björgvin hafði áskotnast – t.d. með því að setja siglingabann á landið – eða hvort of fá skip fengust hingað út. Sýnt er að umræða hefur vaknað um það að Ólafssamningur gengi of skammt og nauðsyn væri að tryggja skipakomur frá Noregi, auk þess að fella niður landaureiðslur. Ef til vill hafa þjóðveldismenn óttast þau örlög sem síðar hentu Grænland, að týnast í Norðurlöndum. En norsk skip hættu að sigla til Grænlands eftir 1368 og norsk afskipti af grænlenskri þjóð fólust fyrst og fremst í því að hindra önnur lönd í því að versla þar og m.a. lögsækja íslensk skip sem hröktust þangað. Norræna nýlendan þar nyrðra leið síðan undir lok með leyndardómsfullum hætti, slitin úr tengslum við Norðurlönd.

Hákon gamli og evrópskir staðlar

Hákon gamli Hákonarson (d. 1263) var konungur 1217 og valdataka hans er talin upphaf að gullöld í sögu Noregs sem stóð allt til ársins 1319. Fyrir hans daga ríkti upplausn í konungamálum Noregs og borgarastríð voru algeng, en Hákon náði með slægð og lagni að efla ríkið verulega hið ytra sem innra. Hann reyndi að gera Noreg að fullgildu evrópsku ríki með verslun og menningarsamskiptum. Hákon gerði viðskiptasamning við Bretland 1217, samning við Hansakaupmenn í Lübeck 1250 og samning við Rússaveldi stuttu síðar. Verkið var síðan kórónað þegar hann – fyrstur Noregskonunga – lét krýna sig með pompi og pragt af kardínála Páfagarðs. Þetta var laglega gert af óskilgetnum konungssyni sem varð að láta móður sína bera glóandi járn því til staðfestingar að hún segði satt um faðernið!

Af þessum sökum þarf ekki að fara í grafgötur um það að Íslendingum hefur þótt æ meir til Noregs koma eftir því sem Hákon var lengur við völd og sól hans reis hærra. Hér var greinilega komið konungdæmi með beinar og breiðar brautir til helstu landa Evrópu, sem stóðu Íslendingum opnar um leið og þeir gerðust konungsþegnar. Og ekki aðeins það. Norðmenn voru óðfluga að gerast heimsborgarar og gáfu nýja fyrirmynd í menningarmálum. Hákon vildi að norska hirðin kastaði Norrænuhamnum

og tæki upp franska siði. Það gerðist meðal annars með því að inn voru fluttar riddarasögur og rómönsur sem voru þýddir og lesnir við hirðina. Þess var líka skammt að bíða að þessi nýja tíska bærist hingað til lands og festi rætur. Sú hugsun gæti smeygt sér inn að konungseiðurinn hafi verið upphafið að hnignun íslenskra fornþókmennta, þegar íslenskir höfðingjar tóku að apa franska siði að norskri fyrirmynd. Það er þó líklega vafasamt. Á þessum tíma var landið hluti af stórri, norrænni menningarheild, sem stækkaði lesendahóp íslenska rithöfunda umtalsvert enda var íslenskum skáldum yfirleitt tekið með kostum og kynjum við norsku hirðina. Þegar rómönsur um *Tristan* og *Ísold* og fleiri elskupör náðu að fanga athygli Norðmanna, hlutu Íslendingar ekki að vanda sínu kvæði í kross og fylgja þeim eftir hvað sem leið konungssambandi?

Svo var það önnur alþjóðastofnun, rómverska kirkjan. Kardínáli Páfagarðs, sem krýndi Hákon, hafði skýr skilaboð til Íslendinga. Sturla Þórðarson skýrir svo frá að kardínálinn hafi lýst því yfir að íslenska þjóðin ætti að heyra undir Hákon konung, því hann kallaði það „ósannlegt“ að það land þjónaði eigi undir einhvern konung sem „öll hin í veröldinni“. Þetta hefur líklega komið illa við Íslendinga að þeir væru álitnir óeðlilegt frávík frá góðum gildum Evrópastöðlum. Það er þó ekki að sjá að þjóðveldismenn hafi borið mikinn kinnroða fyrir konungsleysi sitt eða haft minnimáttarkennd gagnvart erlendum stórmönnum, jafnvel þó að vígð væru. Þetta sést glöggt á orðum eins helsta skörungs þjóðveldisins, Jón Loftssonar, þegar Þorlákur biskup birti honum bréf erkibiskupsins í Noregi um kirkjujarðir á Ísland: Jón sagði „Heyra má ég erkibiskups boðskap en ráðinn er ég í að halda hann að engu, – og eigi hygg ég, að hann vilji betur né að viti en mínir foreldrar, Sæmundur hinn fróði og synir hans.“

Konungsgarður er rúmur inngöngu

Á Sturlungaöld voru flestir höfðingjar hagvanir í höllu Noregskonungs, enda reyndi Hákon að gera þá handgengna sér með ýmsum vegtyllum og kynda jafnframt undir ófriðarbálið hér heima. Vistin í konungsgarði virðist þó hafa haft misjöfn áhrif á íslenska höfðingja. Sumir þeirra, eins og Snorri Sturluson, komust í mikla dáleika við norska valdamenn en ráku samt ekki erindi þeirra héraendis. Aðrir, einkum Sturla Sighvatsson, sáu þetta sem hvatningu til þess að gera landið að sínu eigin konungdæmi með oddi og eggju, sem mistókst á Örlygsstöðum. Loks voru það þeir

höfðingjar – og þeim fjölgaði eftir því sem nær dró endalokum þjóðveldisins – sem litu á konungssamband sem nauðsyn vegna eigin frama og hagsmuna landsins. Gissur Þorvaldsson, sem loks fullnaði verkið, virðist þó að mestu leyti hafa stjórnað af sjálfsbjargarviðleitni og ekki haft neina glýju í augum af dýrð konungsgarðs þar sem honum hafði oft verið haldið nauðugum í farbanni svo árum skipti.

Aftur á móti var mun erfiðara að sannfæra landslýð sem átti ekki heimangengt í konungsgarð og hugnaðist lítt að greiða hærri skatta vegna yfirþjóðlegs samstarfs. Sömu sögu er reyndar að segja af viðhorfi fólks í flestum Evrópuríkjum gagnvart Evrópusambandinu. Stjórn málaforustan – elítan – hefur yfirleitt verið mun jákvæðari gagnvart ESB en almenningur. Þetta er skiljanlegt því forustan er líklegri til þess að sjá kosti yfirþjóðlegrar samvinnu, hvort sem er fyrir þjóðina eða sjálfa sig. Í Noregi var aðildin t.d. felld þrátt fyrir að meirihluti stjórn málaforustu landsins væri fylgjandi henni og svipaðir hlutir hafa gerst í Danmörku. Á Íslandi stendur enginn núlifandi flokkur óskiptur á bak við aðild. Sumir forystumenn tæpa á henni en margt er á huldu um stuðning almennings. Margt bendir raunar til þess að stuðningur eða andstaða við Evrópusambandið gangi þvert á allar flokkslínur.

Réttarbætur og reglugerðir

Í Gamla sáttmála kemur orðið friður þrisvar fyrir. Fyrsta grein lofar skattgreiðslum, en síðan segir: „hér í mót skal konungur láta oss ná friði og íslenskum lögum“. Að vísu er erfitt að átta sig á því hvort óskin um frið hefur brunnið meir á þjóðinni eða Gissuri sjálfum sem samdi skjalið og var orðinn mjög mæddur á langvarandi vígaferlum. Flestir eru sammála um að þjóðveldið hafi verið gengið sér til húðar á þessum tíma, þar sem goðavaldið hafði safnast á fárra hendur og deilur voru ekki leiddar til lykta nema með bardögum. Annaðhvort urðu landsmenn að leggjast sjálfir í stofnanaumbætur eða flytja inn nýjar stjórnunarstofnanir. Þversögnin mikla við endalok þjóðveldisins fólst í því að til þess að „ná íslenskum lögum“ – tryggja eignarrétt og einstaklingsrétt – þurftu landsmenn að jástast undir erlenda stjórnstofnun. Niðurstaðan varð sú að hafa erlendan kóng og fjarlægjan, sem landsmenn gætu skotið ágreiningsefnum til en væri annars atkvæðalítil hérlandis. Því fer auðvitað fjarri að konungur hafi ávallt verið réttlátur eða borið glöggt skyn á innanlandsmálefni – mestu skipti að fá úrskurði sem komu í veg fyrir hráskinnaleik á milli höfðingja landsins.

Þetta er annars skýrt dæmi um hvernig stofnanir og reglugerðir – kallaðar réttarbætur til fona – eru fluttar á milli landa, líkt og konungsvaldið. Evrópusambandið leggur mikla áherslu á slíkan flutning sem kunnugt er. Á hverju ári fær Alþingi Íslendinga með EES-samningnum ótal lög og reglugerðir sem skylt er að samþykkja. Vitaskuld er margt til bóta, annað verður að teljast tæknistaðlar sem auðvelda viðskipti við Evrópu. En landsmenn geta ekki neitað án þess að setja allan stofnsamninginn í hættu. Þjóðveldismenn samþykktu aftur á móti hlýðni við norskan konung en ekki við norsk lög. Konungur gat lagt fram nýja lagabálka, en Alþingi Íslendinga gat valið og hafnað, samþykkt einstakar greinar og sent hinar til baka án þess að konungsambandið rofnaði. Að þessu leyti felur aðild að ESB í sér mun meira helsti en samningar við Noregskonung.

Konungsskattar og aðildargjöld

Afstaðan til Noregskonungs virðist hafa ráðist af skattakröfum sem hann lagði fram. Sturla Þórðarson sagnaritari segir svo frá að það hafi verið hægur leikur fyrir Gissur, tilvonandi jarl, að fá landsmenn til þess að sverja konungi hollustu með því fororði að konungsskattar yrðu litlir sem engir. Síðar virðist Gissur sjálfur hafa gert sem mest úr sköttunum til þess að koma í veg fyrir konungseið, og landslýður þá kippt að sér hendinni. Aðildin varð ekki að veruleika fyrr en erindreki konungs, Hallvarður gullskór, hafði ferðast um landið árið 1261 og kynnt tilboð konungs milliliðalaust um tiltölulega lága skatta. Vitanlega reyndi konungur að hækka gjöldin síðar, þegar Krók-Álfur var sendur hingað út með nýjar skattakröfur. En þeim var hafnað og Skagfirðingar gerðu aðsúg að Krók-Álfi á Hegranesþingi 1305; hann komst ekki lifandi aftur til Noregs.

Skattar voru einnig trygging fyrir því að Ísland myndi ekki gleymast í hafi, því konungur hlyti ávallt að gera ráðstafanir til þess að flytja skatttekjurnar til sín. En á sama tíma hlaut skatturinn að rýra arðsemi Íslandssiglinga. Ástæðan var einfaldlega sú að skatturinn var greiddur í vörum sem nema skyldu fjórðungi af flutningsgetu þeirra kaupfara sem hingað sigldu en flutningsgetan var mjög takmörkuð. Ef til vill hefur þessi skylda orðið til þess að verslun Norðmanna varð máttlausari er á leið og efnidir á lofordum um sex skipakomur á ári rýrar að vöxtum. Síðar voru mörg ár tilfærð þegar aðeins eitt skip kom til landsins (árin 1357, 1362, 1367 og 1392) eða jafnvel ekkert (1355, 1374 og 1390).

Það er líklegt að umræða um ESB-aðild muni – líkt og forðum – snúast um aðildargjöldin. Þess sjást reyndar þegar merki í opinberum deilum um hver gjöldin muni raunverulega vera. Ísland yrði eitt tekjuhæsta ríki ESB og þyrfti því að leggja mikið af mörkum til sameiginlegra sjóða bandalagsins og í þróunaraðstoð innan þess. Eitthvað af þessum peningum kæmi til baka með styrkjum, t.d. til jaðarbyggða, en hversu mikið er erfitt á að giska. Þá hefur sjávarútvegsstefna ESB vakið áhyggjur þótt ekki sé ljóst hvaða kröfur verða gerðar fyrr en að aðildarviðræðum kemur. Það flækir síðan málin að stækkun sambandsins er brátt á dagskrá og mörg fátæk en fjölmenn lönd munu fá inngöngu. Slíkt getur ekki gerst nema með töluverðum breytingum á fjárhagsramma ESB – hækkun gjalda og lækkun styrkja.

Þjóðerni og verslun

Íslendingar og Norðmenn töluðu sama tungumál árið 1262 og deildu samnorrænni þjóðarvitund. Þess vegna skiptu hugtök eins og þjóðerni og menning ekki sama máli þá og síðar í sjálfstæðisbaráttunni við Dani. Hér verður þó að minna á að það var aukið efnahagslegt sjálfsöryggi sem nærði íslenska þjóðerniskennd eftir miðja nítjándu öld. Á sama tíma og landsmönnum óx ásmegin í sjálfstæðisbaráttu var gífurleg alþjóðavæðing í uppsiglingu og markaðir heimsins að opnast. Þannig var ekki lengur nauðsyn fyrir smáríki að vera í pólitísku bandalagi til þess að geta komið framleiðslu sinni í verð. Þessi alþjóðavæðing steytti síðar á kreppu og tveimur heimsstríðum, en fyrir árið 1914 var Evrópa einn markaður þar sem öll lönd gátu selt varning sinn án hindrana. Álfan var enn fremur eitt myntsvæði þar sem allir evrópskir gjaldmiðlar, þar með talin íslenska krónan, voru með fast verðmæti í gulli.

Íslendingar gerðust þjóðfrelssissinnar að stórum hluta vegna þess að þeir töldu sig hafa efni á því. Með aukinni fríverslun fóru þau tengsl að rofna sem bundið höfðu Ísland við Noregskonung – og síðar Danaveldi. Á nítjándu öld varð þeim smátt og smátt ljóst að þeir gátu staðið fyrir sínu á heimsmarkaði. Íslendingar hættu að sjá Danmörku fyrir sér sem brú á milli sín og umheimsins, enda var Danmörk aðeins útkjálki í Evrópu eins og Halldór Laxness hélt fram í bók sinni *Heiman eg fór*. Margir heitir sjálfstæðissinnar, svo sem Einar Benediktsson skáld, vildu losna undan yfirráðum Dana til þess að geta leitað eftir fjármagni frá öðrum löndum, t.d. Englandi. Það er himinn og haf á milli áræðis nítjándu aldar Íslendinga og þess sem þekktist á átjándu öld. Árið 1770 gaf Danakonungur kost á því að fella niður einokunarverslunina sem

hafði staðið óslitið frá 1602, en höfðingjar landsins lögðust gegn því. Við það tækifæri kallaði Björn Markússon lögmaður einokunina „malum neccesarium“ eða nauðsynlegt böll sem tryggði siglingar til landsins og sanngjarna verslun.

Töluvert margt sem tengist mannlífi og menningu hlýtur að fljóta með flutningi stofnana og nýjum pólitískum tengslum sem ESB-aðild skapar. Sambandið veitir þó mikla fjármuni til þess að viðhalda menningarlegri fjölbreytni – eins og það er kallað – t.d. með því að styrkja málsvæði sem eiga undir högg að sækja. Mörg þjóðarbrot, svo sem Baskar á Spáni, sjá ESB sem frelsun frá þeirri menningarlegu samræmingu sem rekin hefur verið innan þjóðríkja Evrópu. Opinber stefna og raunveruleg menningarskipti eru þó tvennt ólíkt, og mikið hefur verið fjallað um kosti og galla frjálsra menningarstrauma, en í þeirri sálmaþók verður ekki blaðað hér. Aftur á móti er næsta öruggt að efnahagslegt sjálfstraust mun skipta úrslitamáli um hversu mikilli þjóðerniskennnd landsmenn telja sig hafa efni á, líkt og forðum daga. Hér er því komið að kjarna málsins; um konungdæmi, bandalög og viðskipti.

Efnahagslegt sjálfsöryggi

Evrópusambandið er klúbbur eða bandalag fullvalda ríkja sem hafa játast undir skyldur og markmið sem allir meðlimir verða að axla. Það er með nokkrum rétti hægt að kalla þetta lýðræðislega útgáfu af konungdæmum eins og þau þekktust á miðöldum. Í þá daga voru ólíkar þjóðir oft tengdar saman undir einum þjóðhöfðingja, án þess að þær gæfu eftir nema hluta af fullveldi sínu. Yfirleitt voru utanríkisstjórnarmál og utanríkisviðskipti hnýtt saman hjá konungi, en innanlandsmálefnum var að stórum hluta haldið sér. Að stofni til er ESB skilgetið afkvæmi evrópskra styrjalda og hefur það markmið að tryggja frið með stjórnmalasamruna, en litið er á efnahagssamvinnu sem tæki til þess að færa löndin saman. Sambandið hvetur til fríverslunar á milli aðildarlanda, en beitir ýmsum höftum á þau lönd sem utan við standa. Að þessu leyti er ESB afturför frá þeim frjálsa anda sem ríkti fyrir 1914, en mikil framför frá því hörmungarástandi er ríkti árið 1950 þegar grunnurinn var lagður að sambandinu. Pólitísk samvinna meðfram viðskiptum getur verið hagfelld, því oft er auðveldara að koma hagsmunamálum áfram í félagi við önnur ríki. Eystrasaltsríkin vilja t.d. ekki aðeins ganga í ESB af viðskiptalegum forsendum, heldur einnig til að styrkja pólitísk tengsl sín við Vestur-Evrópu og fá þannig óbeina vernd fyrir ásælni Rússlands.

Sínum augum lítur hver silfrið þegar rætt er um ávinning af stjórnmálasamruna og þeir eru líklega fjölmargir sem vilja ESB-aðild fyrst og fremst af pólitískum ástæðum. En meðal hagfræðinga ríkir ekki eining um hagræna kosti Evrópusambandsins. Vitaskuld vaxa mörg aldin í skógum sameinaðrar Evrópu, sem freistandi er að tína. En það er höfuðatriði hvort landsmenn geta lesið ávextina af þessum trjám – yfir girðingarnar – án þess að kaupa sér aðgang að garðinum sjálfum. EES-samningurinn opnaði ýmsar gáttir fyrir Íslendinga, en samt sem áður er margt utan seilingar. Sumir markaðir Evrópusambandsins eru landsmönnum enn lokaðir með tollum. Raunar er erfitt að finna aðra ástæðu fyrir núverandi hindrunum, svo sem um innflutning hrossa, en að ESB vilji hafa eitthvað til þess að selja Íslendingum í aðildarsamningum. Það er vandi sem gæti undið upp á sig um leið og sambandið stækkar og fleiri viðskiptalönd Íslendinga fara undir einn hatt í Brüssel. Þá hefur ekki verið léð máls á upptöku evrunnar án formlegrar aðildar, en slík myntsamvinna gæti falið í sér margvíslega kosti fyrir Ísland, þótt þeir verði ekki tíuandaðir hér. Af þeim sökum er ekki að fullu ljóst hvernig EES-samningurinn muni standast tímans tönn, hvort hann muni standa í rúmar tvær aldir eins og samningur Íslendinga við Ólaf helga árið 1033.

Þegar til framtíðar er litið munu áhrif Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) skipta miklu fyrir efnahagslegt sjálfsöryggi Íslendinga gagnvart ESB. Markmið þessarar mætu stofnunar er að tryggja öllum ríkjum, stórum sem smáum, jafnræði í utanríkisviðskiptum og frá seinna stríði hafa meðaltollar lækkað frá 40% niður í 5%. Ef þessi stofnun fær forræði yfir heimsviðskiptum mun svigrúm „klúbba“ eins og ESB minnka verulega til þess að nota markaðsaðgang sem skiptimynt í pólitískum samningum. Þó bendir margt til þess að hvorki Bandaríkin né Evrópa muni beygja sig undir vald þeirrar stofnunar þegar á reynir. Ennfremur verður vart vaxandi andstöðu andstæðinga hnattvæðingar af ýmsu tagi við frjáls alþjóðaviðskipti utan ríkjabandalaga. En í hvert sinn sem fjöhlíða viðræðum um viðskiptasamninga er hleypt upp í götuóeirðum er jafnframt vegið að efnahagslegu sjálfstæði smáríkja.

Um fullveldið

Sú auðsveipni sem virðist hafa verið sýnd á Alþingi 1262 var aðeins á ytra borði. Gamli sáttmáli var með skýrum uppsagnarákvæðum (sem Jón Sigurðsson nýtti síðar óspart í áróðurskyni í sjálfstæðisbaráttunni). Það varð brátt bert að konungur nýtti hverja smugu til þess að efla vald sitt hérlendis, en Gissur jarl og menn hans höfðu

sett konungsvaldinu mjög skýr mörk og sjö umboðsmenn konungs voru slegnir af á árunum 1300–1551, þegar þeir fóru út fyrir valdsvið sitt. (Þar af var einum biskupsvígðum erindreka drekkt í poka í Brúará.) Hirðstjórar konungs sátu á Bessastöðum en þorðu lítið að fara um landið, utan þess að ríða til Alþingis. Konungi varð í raun ekki verulega ágengt fyrr en hann lét hernema landið og afvopna landsmenn árið 1551 í kjölfar tapaðrar baráttu Jóns Arasonar Hólabiskups gegn lúterskum sið. Upphaf danskrar verslunareinokunar 1602 og einveldishyllum í Kópavogi 1662 eru síðan tvær aðrar vörður á leið til enn frekari konungsyfíráða. Þegar hér var komið sögu hafði konungur bæði tögl og hagldir í samskiptum sínum við landsmenn, en áhugi á því að ráðskast með málefni Íslands var takmarkaður. Danir komu sjaldan hingað út og vissu lítið um landið. Sumir höfðu stöku sinnum einhverjar áhyggjur af kristindómi og sulti hérlandis, en annars voru þeir sáttir við að hirða arðinn af einokunarversluninni og láta landið eiga sig. Staðreyndin er sú að landsmenn héldu nær fullum og óskertum yfirráðum yfir innanlandsmálefnum í þær tæpu sjö aldir sem konungssambandið varði, m.a. vegna áhugaleysis Dana. Ef landsmenn hefðu t.d. tengst bresku krúnunni en ekki þeirri dönsku hefði breskt fjármagn og verksvit líklega streymt til landsins og efnaleg velsæld Íslendinga hefði orðið mun meiri á fyrri tíð. Bær hefðu byggst við sjávarsíðuna og þilskip gerð út mun fyrr en síðar varð. En þá hefði fullveldi þjóðarinnar líklega endað á hafsbotni, líkt og gerðist á Orkneyjum og Suðureyjum sem Danakonungur missti til Skota árið 1469. Aðeins tveimur öldum síðar var hið norræna tungutak eyjanna dáið út og þær eru nú óaðskiljanlegur hluti af Bretlandi.

Konungsvaldið sem slíkt styrktist alls staðar í Evrópu á kostnað aðalsins frá og með þrettánda öld, og með aðild sinni að norska konungdæminu varð Ísland vitaskuld aðili að þessari þróun. Þess vegna dró konungseiðurinn langan slóða á eftir sér sem fæstir gerðu sér grein fyrir á þeim tíma. Á sama hátt mundi ESB-aðild hafa gagngerar breytingar í för með sér fyrir íslenskar stofnanir, formlegar sem óformlegar, sem ekki eru að fullu ljósar nú. Að hluta til er þetta vegna þess að Evrópusambandið sjálft er í mikilli mótun og enginn veit neitt um fulla ásýnd þess að nokkrum áratugum liðnum. Tenging við Evrópu mundi einnig draga úr áhrifum sumra hagsmunahópa hérlandis en jafnframt öðluðust aðrir hópar bakhjarl og hefðbundin valdajafnvæði mundu raskast. Þannig gætu töluverðar breytingar átt sér stað á Ísland, t.d. á vinnumarkaði, þar sem samleitni yrði á milli Íslands og ESB án þess þó að þess væri formlega óskað.

Raunveruleikinn

Það er kominn tími til að landsmenn láti af neikvæðni um konungseiðinn á Alþingi 1262. Aðildin að norska konungdæminu var landinu um margt hagfelld og svar skynseminnar við aðstæðum á þrettánda öld. Ísland var í þeirri stöðu að verða að játast undir konung til þess að verða ekki utangarðs í evrópsku samfélagi. Gissur Þorvaldsson og samtímamenn hans sáu að vísu ekki fyrir að konungsvaldið yxi landsmönnum yfir höfuð þegar fram liðu stundir, en það er önnur saga. Ekki þarf mikið ímyndunarafli til að sjá það fyrir sér að landsmenn geti brátt lent í sömu stöðu aftur og það verði söguleg nauðsyn að ganga í ESB. Þá munu Íslendingar og Norðmenn líklega verða samskipa í sambandið, sem er vel við hæfi í ljósi sögunnar. Íslendingar á tuttugustu öld hafa að vísu haft annað augað á stórveldinu í vestri, Vínlandi hinu góða, sérstaklega í varnarmálum. En þegar á skal herða tilheyra Íslendingar Evrópu, þó að þeir standi næst Ameríku af öllum Evrópuþjóðum.

Smáþjóðir hafa ekki efni á sömu dillum og draumum og stórþjóðir. Íslendingar vilja aðeins vera gjaldgengir í Evrópu. Þeir gera sér engar grillur um að afsal fullveldis hér heima fyrir muni færa þeim völd í málefnum álfunnar. Ef þeir sjá færi á að taka þátt í evrópsku samstarfi, fá aðgang að evrópskum stofnunum, án verulegra fjárútláta en samt fá að ráða sjálfir sínum málum hér við ysta haf, þá munu þeir að öllum líkindum flagga fána Evrópusambandsins – jafn glaðir og þeir sóru Hákonni gamla hollustu forðum. En ef fullveldisafsalið snýst um markverða hluti – og það sem meira er – ef landsmenn sjá sjálfa sig sem leiksopp miðstjórnar í Brussel gæti komið annað hljóð í strokkinn. Þrátt fyrir allt er mjög erfitt að sjá fyrir sér að landsmenn gefi frá sér það fullveldi sem þeir hafa notið í rúm 1100 sumur – jafnvel þó að þeim sé hleypt að evrópskum kjötkötlum. Spurningin snýst því í raun ekki um hvað Íslendingar vilja í Evrópumálum heldur hvers sambandið krefst fyrir aðild – sem liggur ekki ljóst fyrir – og getur reyndar tekið töluverðum breytingum á næstu árum með stækkun og ef til enn nánari samruna.

Ásgeir Jónsson (f. 1970) er doktor í hagfræði. Hann starfar sem sérfræðingur á Hagfræðistofnun og kennir við Háskóla Íslands.

Heimildaskrá

Ásgeir Jónsson: *Siglt gegn vindi, þjóðhagfræðileg greining á íslenska hagkerfinu 1400–1600*. Fjármálatíðindi, 2. hefti 1994.

Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn I-X. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857–1949.

Gísli Gunnarsson: *Upp er boðið Ísaland*. Reykjavík 1987.

Halldór Laxness: *Heiman eg fór*. Reykjavík, 1976.

Jón Jóhannesson: *Íslendinga saga I-II*. Reykjavík 1956.

Jón Gizurarson: Ritgjörð Jóns Gizurarsonar um siðaskipta tímana. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta I* (Kh. 1856), 640-701.

Sigurður Nordal: *Íslenszk menning I*. Reykjavík 1942.

Snorri Sturluson: *Ólafs saga helga*. Reykjavík, 1893.

Sturla Þórðarson: *Íslendinga saga*. Reykjavík 1974.

Sturla Þórðarson: *Hákonarsaga Hákonarsonar*. Reykjavík 1977.

Gissurarsáttmáli, sá sem samþykktur var á Alþingi 1262

Það var sammæli bænda fyrir norðan land og sunnan,

1. að þeir játuðu ævinlegan skatt herra Hákonu konungi og Magnúsi konungi, land og þegna, með svörnum eiði, tuttugu álnir hver sá maður, sem þingfararkaupi á að gegna. Þetta fé skulu saman færa hreppstjórar og til skips og fá í hendur konungs umboðsmanni og vera þá úr ábyrgð um það fé.
2. Hér í mót skal konungur láta oss ná friði og íslenskum lögum.
3. Skulu sex skip ganga af Noregi til Íslands tvö sumur hin næstu, en það í frá sem konungi og hinum bestu bændum landsins þykir hentast landinu.
4. Erfðir skulu upp gefast í Noregi fyrir íslenskum mönnum, hversu lengi sem þær hafa staðið, þegar réttir arfar koma til eða umboðsmenn.
5. Landaurar skulu uppgefast.

6. Slíkan rétt skulu íslenskir menn hafa í Noregi sem þá, er þeir hafa bestan haft, og þér hafi sjálfur boðið á yðrum bréfum og að halda friði yfir oss, svo sem Guð gefur yður framast afl til.
7. Jarlinn viljum vér yfir oss hafa, meðan hann heldur trúnað við yður, en frið við oss.
8. Skulum vér og vorir arfar halda allan trúnað við yður, meðan þér og yðrir arfar halda oss þess sáttargjörð, en lausnir, ef hún rýfst, að bestu manna yfirsýn.

Eiðurinn:

Til þess legg ég hönd á helga bók, og því skýt ég til guðs, að ég sver Hákonni konungi og Magnúsi land og þegna og ævinlegan skatt með slíkri skipan sem nú erum vér ásáttir orðnir og máldagabréf þar um ger vottar. Guð sé mér svo hollur sem ég satt segi, gramur, ef ég lýg.

Þessi samningur var síðan endurskrifaður og staðfestur með Gamla sáttmála (1302) þar sem ákvæðið um sex skip á ári var gert varanlegt, utanstefnur konungs á hendur íslenskum mönnum voru bannaðar og kveðið á um að embættismenn konungs héraendis yrðu að vera af gömlu goðaættunum.

(DI I, 619-625; DI IX, 1-3; DI X, 5-6)